

Reglur um refa og minkaveiði í Austur-Skaftafellssýslu

Gilda frá 5. apríl 2013

Almennt

Reglur þessar gilda um veiðar á refum og minkum innan sýslumarka Austur - Skaftafellssýslu.

Um veiðar þessar gilda ákvæði laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með síðari breytingum, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, einkum reglugerð nr. 437/1995, um refa- og minkaveiðar með síðari breytingum á reglugerðum.

Ráðinn veiðimaður komi sér sjálfur upp búnaði til veiðanna. Búnaðurinn skal ekki brjóta í bága við lög og reglugerðir. Sé komið fyrir gildrum skal það gert þannig að öðrum dýrum stafi ekki hætta af.

Veiðimanni ber að hafa samband við landeigendur á svæðinu sé það í einkaeign.

Refaveiði

Grenjaleit og veiðar á sumartíma 1. apríl – 31. ágúst.

Einungis ráðnum veiðimönnum er greitt fyrir veiðar á grenjatímabilinu, sjá fylgiskjal um ráðna veiðimenn. Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum, skotið refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar bein hætta af og ekki hefur náðst í ráðinn veiðimann eða hann ekki getað sinnt útkalli. Skal viðkomandi tilkynna fulltrúa sveitarfélags um slíka veiði svo fljótt sem auðið er. Fyrir þau dýr skal greitt samkvæmt gjaldskrá fyrir vetrarveiði.

Við grenjaleit er ætlast er til að farið sé á grenstæði sem vitað er um og einhverjar líkur teljast á að tófa leggi í það árið. Ekki ætlast til að farið sé á grenstæði sem hafa ekki verið notuð svo

áratugum skiptir nema vísbendingar séu um óvenjulegan tófugang. Þó skal veiðimönnum það í sjálfsvald sett hvort þeir kíkji á grenstæði á eigin vegum.

Veiðimenn skulu halda skrá, (nafn grenis og GPS skráningu), yfir þekkt greni og uppfæra hana ef ný greni finnast. Þegar veiðimaður lætur af störfum fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð skal hann afhenda sveitafélaginu skrána.

Þegar ráðinn er nýr veiðimaður afhendir sveitarfélagið honum grenjaskrá fyrir viðkomandi svæði og sveitarfélagið lætur veiðimann hafa kort í góðum mælikvarða sem hann getur fært staðsetningu grenja inn á.

Vetrarveiði á ref

Einungis ráðnum veiðimönnum er greitt fyrir vetrarveiði og þeim sem ráðinn veiðimaður og landeigandi á viðkomandi svæði hafa tilnefnt til vetrarveiði.

Vanda skal til verka við útburð ætis. Leitast skal við að hafa hæfilega vegalengd á milli staða sem borið er út á.

Ætlast er til að staðsetning og frágangur ætis valdi útivistarfólki og öðrum sem um landið fara sem minnstum ama. Jafnframt skal staðsetningin vera í samráði við landeigenda og byggingarfulltrúa sveitafélagsins, auk þess sem samþykki landeiganda þarf að liggja fyrir. Fjarlægja skal æti og leifar þess og leið og hætt er að stunda veiðina.

Ávallt skal skrá hvar dýr var veitt til að hægt sé að átta sig á fjölda refa á svæðinu, sem og til að koma í veg fyrir flakk skotta milli sveitarfélaga, ávalt skal skila heilu dýri þegar stunduð er vetrarveiði.

Veiðimaður skal hafa samráð við aðra veiðimenn og landeigendur þegar borið er út æti.

Minkaveiðar

Sveitarfélagið ræður veiðimenn með minkahunda til hefðbundinnar minkaleitar í sveitarfélaginu, veiðimaður getur sótt um afslátt á hundaleyfisgjöldum vegna minkaveiða. Skulu þeir að jafnaði veiða á tímabilinu 20. apríl til 30. júní og vera til reiðu ef vandamál koma upp.

Lögð er sérstök áhersla á að leitað sé á varplöndum og við veiðiár. Einnig leitað með sjó, svo sem kostur er. Veiðimenn skulu vera vel tækjum búnir til veiðanna.

Einnig er heimilt að ráða veiðimenn til gildruveiða. Séu gildir lagðar fyrir mink skal þannig um þær búið að öðrum dýrum stafi ekki hætta af. Ef fótbogar og dauðagildir eru notaðar skal búa um þær þannig að minkurinn láti lífið á sem skjótastan hátt.

Ganga skal þannig um minkabæli að sem minnst landspjöll hljótist af.

Minkur sem næst lifandi skal aflífaður á sem skjótvirkastan hátt.

Skil á skýrslum og greiðslur

Þeir einir fá greidd skotlaun sem hafa gilt veiðikort. Ráðnum veiðimönnum ber skilda til að bregðast við ábendingum sé þeim nokkur kostur.

Skottum af unnum dýrum ber að skila í áhaldahús ásamt fylgigögnum. Til þessa ber að nota sérstakar bækur frá embætti veiðistjóra. Þar skal koma fram hvar og hvenær dýr var unnið og hvenær og hvaða greni var leitað Greiðslur fara ekki fram fyrir en þessum gögnum og reikningum hefur verið skilað. Þar með talið að uppfæra grenjaskrá ef ný hafa fundist. Veiðimanni ber að skila til sveitarstjórnar sundurliðuðum reikningi vegna veiðanna.

Sveitarfélagið Hornafjörður greiðir að hámarki samþykktu fjárhæð í fjárhagsáætlun hvers árs fyrir veiðar á ref og mink. Greiðslur geta tekið breytingum til hækkunar ef það kemur aukaframlag frá ríkinu.

Greiðslur fyrir refaveiðar

	Lágmarksgreiðslur í kr.	Hámarksgreiðslur í kr.
Fyrir hvert hlaupadýr unnið dýr 1.apríl - 31.ágúst	7.000	9.000
Fyrir hvert grendýr unnið dýr 1.apríl - 31.ágúst	7.000	9.000
Greiðslur fyrir hvern unnin ref 1.sept - 31.mars	5.000	7.000

Þeir veiðimenn sem veiða meiri en 20 dýr fá greitt 25% álag á hvert dýr. Skýrslum og skottum af dýrum sem unnin eru á sumartíma (1. apríl - 31. ágúst) skal skil eigi síðar en 10. september.

Heilum dýrum sem unnin eru á vetrartíma (1. september - 31. mars) skal skila eigi síðar en 10. september.

Ekki verður greitt ef skýrslur berast eftir tilsetta tíma. Greiðslur fara fram í október ár hvert.

Greiðslur fyrir minkaveiðar

Veiðimönnum með samning skal greitt fyrir unnið dýr. Greitt er að lágmarki 5.000.-kr. og að hámarki 7.000. kr.

Skýrslum og skottum af dýrum sem unnin eru skal skila eigi síðar en 10. september. Ekki verður greitt ef skýrslur berast eftir tilsettan tíma. Þeir veiðimenn sem veiða meiri en 20 dýr fá greitt 25% álag á hvert dýr. Greiðslur fara fram í október ár hvert.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Hornafjarðar 7. febrúar 2013